

Ríkisstjórn hins græna skjaldar – birist í Vísi 18. september 2019

Við lifum á kynlegu méli. Það er engu líkara, en að stjórnámamenn hafi kyn og kynlíf á heilanum. Ofbeldiskynlíf og bleikir skattar eru í brennidepli. (Bláir skattar hljóta að vera í bígerð.) Alþingismenn hafa lögleitt konur sem fórnarlömb karla yfirleitt, þ.e. ekki einvörðungu í kynlífi. Fyrir margt löngu lögleiddu þeir kristni sem ríkistrú. Nærri lá við, að lögleidd yrði byltingarhugmyndafræði þýska lögfræðingsins, Karl Marx (1818-1883), og rússneska byltingarforingjans, Lenins (Vladimir Ilyich Ulyanov (1870-1924)), um mannfrelsi (kvenfrelsi vitaskuld meðtalið), alræði öreiganna, forustu gáfumannahóps og ógnarstjórn. Í staðinn fékk þjóðin Vinstri-Græn, sem aðhyllast þá hugmyndafræði að töliverðu leyti. Afleiðingar hennar eru væntanlega alkunna. Kvenfrelsunarhugmyndafræðin er ólík þeirri fyrrnefndu og yfirgripsmeiri að því leyti, að þar er staðhæft, að karlhelmingur mannkyns valdi hörmungum hins. Karl Marx lét sér þó nægja að skilgreina auðvaldið, sem barst áfram á sögulegri bylgu í þróun mannkyns, sem blóraböggul. Blórabögglar eru góðir fyrir sálina, líklega bráðnauðsynlegir heilbrigðinni.

Skipulögð kvenfrelsun á sér hartnær tveggja alda sögu. Kvenfrelsarar á launum hjá skattgreiðendum krefjast „meira jafnréttis“ eins undarlega og það hljómar, og meiri fjármuna til að „valdefla“ kynsysturnar og hlynna að þeim í kjölfar áfalla í lífinu – ekki síst „kynbundins ofbeldis.“ Að sögn þarf t.d. að sinna feitum konum betur. Það er því varla kyn, að Adam Kostakis spyrji: „[H]ver eru [eiginlega] þau réttindi kvenna, sem barist er fyrir í dag? Réttinum til að gera fjármuni karla upptæka; réttinum til tálmunar umgengi við börnin; réttinum til að ljúga til um faðerni; réttinum til sömu launa fyrir minni vinnu; réttinum til að greiða hlutfallslega lægri skatt; réttinum til að limlesta karla; réttinum til að stela sæði karla; réttinum til að myrða börn; réttinum til að þola ekki öndverðar skoðanir; réttinum til að taka ákvarðanir um æxlun bæði fyrir sig og karlinn.“ Kvenveldi kynni að vera í augnsýn, segir hann ennfremur: „Þeirri þverstæðu hefur verið haldið á lofti með nokkrum árangri, að ekki skyldi refsa konum yfirhöfuð fyrir glæpi. Það gæti leitt til kvenlésveldis, þar sem konur ríkjá að eigin geðþótta yfir ánauðugum körlum, sem í senn njóta færri réttinda, en hafa fleiri skyldum að gegna.“

Það veldur að vonum áhyggjum, að íslenskt samfélag sé komið í slíkt öfgakvenfrelsunarfar. Hvað veldur? Henry Maudsley (1835-1918), víðkunnur, breskur geðlæknir, hafði á orði, að framganga kvenfrelsunarhreyfinganna ætti ekki rót í víðtækri óánægju kvenna með líf sitt heldur tregðu karla til að stöðva hana. Riddaramennska karla, þ.e. að lúffa fyrir konum og fórna lífi og limum fyrir þær, hefur löngum verið þeim fjötur um fót. Í kvenkynjafræðum samtímans eru þeir kallaðir „hvítir riddarar“ eða „heiðurskonur.“ Það gæti verið skilningssauki að því að skoða riddarahlutverkið í sögulegu ljósi.

Það hefur ævinlega verið hlutskipti karla að framfleyta konum og verja þær. Í heilræðum föður í Egyptalandi hinu forna kemur þetta skemmtilega í ljós: „Ágæti þitt endurspeglast í heimilishaldi þínu; elskaðu konu þína að hennar geðþótta; sjáðu til þess, að hún sé södd og klædd; ilmvötn þarf hún á fætur sína; tryggðu henni hamingju, meðan þér endist aldur; hún er akurinn, velþóknun guðanna; það er ekki í þínu valdi að dæma hana.“

Í heldur yngri giftingarsáttmála eða frá 92 fyrir Krist, segir: „Úr því, að Filikus hefur sannfært Apollínu um, að það sé við hæfi, að hún verði eiginkona hans, skal það að ráði verða. Hún skal hafa jöfn öll yfirráð yfir sameiginlegum eignum. Það er skylda Filikusar að útvega allan

þann varning, sem Appollína þarfnast; klæði og þess háttar, eins og giftri konu sæmir ... [Þetta gildir] hvar sem þau kunna að hafa staðfestu í samræmi við efni.“ (Þetta var vel að merkja alllöngu fyrir bleika skattinn Alþingismanna.)

Fórnfýsi karla virðist eðlislægur og snar þáttur karlmenningarinnar frá örófi alda eða líklega frá stofnun fyrstu fjölskyldunnar. Á miðöldum sjáum við áhugaverða þróun. Nefnd er til sögu Eleanor af Aquitaine (1122-1204) og dóttir hennar, Maríe de Champagne (1145-1198). Eleanor er stundum nefnd fjögurra kónaga drottningin. Hún giftist tveim konungum, Loðvíki VII Frakkakonungi og Hendriki (Henry) II, konungi Englendinga. Þar að auki gaf hún af sér tvo til viðbótar - svo og auðvitað nefnda dóttur, sem virðist ekki hafa gefið móður sinni þumlung eftir í sambandi við völd og stjórnmalalega slægð. Mæðgurnar tóku afdrifaríkan þátt í eflingu konungs- og drottningarvalds Evrópu í bandalagi við leiðtoga kirkjunnar.

Fyrsta krossferðin var farin að áliðinni elleftu öldinni. Páfi biðlaði til óstýrilátra karlmanna um stuðning. Samkvæmt franska klerknum og annálaritaranum, Fulcher fra Chartes (1059-1128?), ku ávarp páfa hafa hljómað svo: „Enda þótt þið, synir Guðs, hafið lofað því ákveðnar en nokkru sinni áður að varðveita friðinn í ykkar röðum og halda í heiðri kirkjunnar rétti, er enn þá einu mikilvægu verkefni ólokið ... Því bræður ykkar í austrinu þurfa á brýnni hjálp ykkar að halda. Nauðsyn ber til að skunda á þeirra fund og veita þá hjálp, sem þeim margoft hefur verið lofað ... Samkvæmt ofansögðu grátbið ég ykkur, boðberar, eða Guð sjálfur öllu heldur, að gera boðskapinn þjóðum kunnan um allar jarðir og sannfæra fólk um að veita málstaðnum liðsinni sitt; háa jafnt sem lága, fótgönguliða og riddara, fátæka og ríka, og steðja umsvifalaust til hjálpar hinum kristnu mönnum og reka á brott hinn ógeðslega kynþátt úr löndum vina okkar. Þessa krefst Kristur aukin heldur. Allir, sem lífið láta, hvort heldur á hauði eða hafi eða í orrustu við heiðingjanna, munu um leið öðlast fyrirgefningu syndanna.“ Og þess ber sjálfssagt að geta, að þá voru karlmenn syndum hlaðnir eins og nú.

Þegar að nýrri ránsför kom, þar sem körlum var beitt gegn körlum. virðist hafa þurft öflugri sannfæringar við. Vopnasþjátrungar og burtreiðarkappar voru tregir að fórna sér. Málstaðurinn, þ.e. fórna sér fyrir hermenn Evrópu í Mið-Austurlöndum, Krist og páfa, virtist með öðrum orðum ekki nógu aðlaðandi. Þá komu fyrrnefndar mæðgur til skjalanna, en þess má geta, að Eleanor hafði sjálf tekið þátt í annarri krossferðinni, ásamt karli sínum og kóngi.

Dýrkun Maríu guðsmóður og eðlilæg fornfýsi karla gagnvart konum var beislúð. Breski sagnfræðingurinn, Carl George Crump (1862-1935) lýsir þessu svo: „Aðallinn og kirkjan sömdu kennisetninguna um yfirburði kvenna, aðdáun, með bæði ... himnameyjuna og hina jarðbundnu sem miðdepil – og lagði þannig grundvöll að riddaramennskuhugsjón vorra tíma. Dýrkun og trú á hina hreinu mey, Maríu, og riddaramennskan, hlutu samtímis viðgang og vöxt, ...“

Kænskan fólst í því að upphefja riddaramennsku í æðra veldi með því að gera ólátabelgina handgengna meyjju, en allar voru meyjarnar vitaskuld í líki Maríu guðsmóður sjálfrar. Einnig voru farandsöngvarar og rithöfundar gerðir út af örkinni til að endurtúlka samskipti kynjanna í ýmsum ævintýrum og þjóðsögum. (Kvenna- og kynjafræði þeirra tíma.) Ævintýrið um Lancelot, skrifað af hirðskáldi Marie de Champagne, Chrétien de Troyes (1130-1191), er trúlega þekktast þeirra. Boðskapurinn var tiltölulega einfaldur; hinn auðmjúki riddari skyldi elska og virða dömu sína, hlýða henni skilyrðislaust og fórna hagsmunum sínum og lífi, ef svo bar undir. Þess konar samband er kjarni kynlénsveldis.

Breski bókmenntafræðingurinn, Clive Staples (1898-1963) lýsti sambandinu svo: Um er að ræða ódæmigerða ást „sem einkennist af auðmýkt, háttprýði og ástartrú. Elskhuginn er ævinlega auvirðilegur. Einustu dygðir, sem hann hefur manndóm til að halda á lofti, er að láta að lítilvægustu óskum dömunnar, hversu kenjött sem hún kann að vera, og taka sneypur við ávítunum hennar, hversu óverðskuldaðar, sem þær kunna að vera.“

Slóvenski heimspekingurinn Slavoj Žižek tekur í svipaðan streng: Þetta samband einkennist af því, að „[riddarinn] þarf að undirgangast fáránlegar, svívirðilegar, óþolandi, gerræðislegar og duttlungafullar eldraunir af dömu sinnar hálfu.“

Bókmenntafræðingurinn, Violet Paget (Vernon Lee – (1856-1935)) kallaði fyrirbærið miðaldaást. Hún segir: Til grundvallar miðaldaástinna lá „það viðhorf, að kvenkynið byggir yfir siðferðilegum, fagurfræðilegum og félagslegum yfirburðum, sem varð innblástur óblandinnar virðingar og aðdáunar án tillits til eiginleika hinnar einstöku konu – sem í raun óx til dýrkunar, ...“

Marjolijn (Drenth) Februari (f. 1963) tekur ef til vill dýpst í árinna. Í hinu nýja kynlénsveldi, segir hún, „[e]r í raun fólgin röksemdafærsla fyrir alræði skeiðarinnar (vagina), eins konar kynlífsbundið lénsfyrirkomulag. Þér myndi ekki hugnast, að alþjóðasamskipti skipuðust [á þessum grunni] í framtíðinni ... [K]onur þessar hafa ekki minnstu áhyggjur af stríði og friði sem grundvallaratriði; eigin hagsmunir eru ær þeirra og kýr.“

Það var ekki að sökum að spyrja. Riddaramennskan gróf um sig á Vesturlöndum og heldur karlmönnum þar enn í heljargreipum. Herför gegn ljótum körlum í Mið-Austurlöndum til að frelsa nauðstaddar konur var í sjálfu sér einnig herför gegn ljótum körlum á heimavettvangi. Því í krossferðunum féllu að mestu karlmenn eins og í öllum stríðum fram að þessu. Nokkrum öldum síðar gengu kvenfrelsarar fram fyrir skjöldu og hrópuðu frýjuorð að karlmönnum, sem ekki létu skrá sig til slátrunar á vígvöllum Evrópu. Kvenfrelsunarherferðir gegn körlum eru sum sé ekki alveg nýjar af nálinni.

Íslendingar eiga sér hvorki Eleanor né Marie, en þeir eiga Katrínu og Jóhönnu – og jafnvel Katrínu miklu, þegar fram líða stundir. Ofbeldismenn herja gjarnan með hugmyndafræði eða trú á vörum og vopn í höndum. Á miðöldum og fram á miðja þessa öld beittu menn kristinni trú, sverðum, spjótum og byssum. Nú virðast vestræn kvenfrelsunarhugmyndafræði hafa velt trúnni á Jesú og Maríu mey úr sessi. Efnahagslegt ofbeldi og skottulýðræðislegt ofbeldi innan vébanda Sameinuðu þjóðanna hafa að nokkru leyti leyst vopnaskakið af hólmi.

En sögunni af miðaldariddaramennsku er ekki lokið. Nú er nefnilega nefndur til sögu yfirhershöfðingi Frakka, Jean II Le Maingree (1366-1421), sem síðar kom til skjalanna. Fransk-ítalski rithöfundurinn og kvenfrelsarinn, Christine de Pizan (1364-1430) hlóð hann lofi. (Sú skrifaði m.a. bókina um borgríki kvenna (La Livre de la Cité des Dames).) Uppátæki það, sem hreif Christine, var stofnun reglu Græna skjaldarins með hvítu meynni ((Emprise de l'Escu vert á la Dame Blanche). Tólf riddarar aðrir voru í för. Tilgangurinn var að bjarga nauðstöddum konum frá körlum sínum. Kúgari hinnar bágstöddu konu var umsvifalaust skoraður á hólmi. Íslendingar eiga ekki sinn Jean II Le Maingre og riddara hans. En þeir eiga Bjarn Ben II og hvítu riddara hans á Alþingi og í ríkisstjórn.

Höfundur er ellilífeyrisþegi. Þýðingar eru hans.

